

Leiðarlýsing fyrir ungt fólk á krossgötum - Viðmið og vinnuferill Vegvísis og ungs fólks

Bakgrunnur og markmið ferilsins

Markmiðið með verkefninu *Ungt fólk á krossgötum* (e. Youth in Transition) er að bæta og auka stuðning við ungt fólk sem stendum á krossgötum, þ.e. þá sem eru ekki í námi, starfi eða þjálfun (NEET; Not in Education, Employment or Training) á lífsleið þeirra. Það sem einkennir þennan hóp eru flóknir persónulegir- og félagslegir erfiðleikar. Erfiðleikar sem geta verið afleiðing sálfélagslegra þátta, neyslu, misnotkunar og glæpa svo dæmi séu tekin.

Hér verður gerð grein fyrir viðmiðum og vinnuferli til að búa til leiðarlýsingu fyrir ungt fólk á krossgötum í þverfaglegu samhengi, stutt af ráðgjafa sem vinnur náið með ungmennunum (Vegvísir).

Vegvísir á að veita persónulega ráðgjöf og stuðning við ungt fólk á náms- og starfsleið þeirra (leiðarlýsingu) og í gegnum þær breytingar og tímamót sem verða hjá þeim. Hlutverk Vegvísis samanstendur af tveimur þáttum; annarsvegar *skipulagsfulltrúi* og hinsvegar *persónulegur ráðgjafi*. Vegvísir getur verið í báðum þessum hlutverkum, en einnig er mögulegt að skipta þeim upp og sinna þeim af mismunandi fagfólki.


Einstaklingsmiðuð leiðarlýsing er samvinna á milli einstaklings og Vegvísis. Einstaklingurinn verður að ganga í gegnum ákveðið þróunarferli til að ná náms- og starfsþroska. Þetta ferli er í stöðugu mati og aðlögun. Samstarf á sér einnig stað á milli ýmissa fagaðila og stofnana sem koma að vinnu með ungu fólki á krossgötum.

Viðmiðin og vinnuferillinn er yfirlit yfir það hvernig fagfólk getur unnið, helst saman, með skipulagningu, mati og aðlögun ólíkra leiða fyrir ungt fólk í þverfaglegu samhengi (e. context). Ungmennin fylgja sinni leiðarlýsingu í átt að náms- og starfsþroska (e. vocational maturity); til að verða sjálfbjarga og að lifa lífi sem veitir þeim ánægju.

Þessi viðmið og vinnuferill leiðarlýsingar var þróað af dönskum þátttakendum í Evrópuverkefninu Ungt fólk á krossgötum með aðkomu ýmissa aðila, bæði danskra sérfræðinga sem og annarra þáttökulanda í verkefninu. Danska leiðarlýsingin var yfirfærð í íslenska útgáfu. Að íslensku útgáfunni komu náms- og starfsráðgjafar, sem eru þátttakendur í Evrópuverkefninu, sem hafa margra ára reynslu af vinnu með ungu fólki á krossgötum.

Leiðarlýsing – Viðmið og vinnuferill

Hönnun á einstaklingsbundinni leiðarlýsingu ungs fólks á krossgötum



Fimm þættir ferils í vinnu með ungu fólki

Fyrri hluti ferilsins miðar að undirbúningi fagfólks á sameiginlegri vinnu sinni með ungu fólki.

Annar hluti ferilsins miðar að samvinnu Vegvísis og ungs fólks. Sú vinna á sér yfirleitt stað í hringlaga ferli (e. circular process) með ýmsum inngrípum og mikilvægum skrefum í átt að náms- og starfsþroska. Þessi hluti samanstendur af samræðum, aðgerðum og virkni. Lokamarkmiðið er að ungt fólk öðlist meiri náms- og starfsþroska sem styrkir þau í að haldast í námi og/eða vinnu.

Samskipti á milli fagaðila (fyrri hluti ferils í vinnu með ungu fólki)

Mat – Fagaðilar finna út og meta nálgun sína og viðhorf gagnvart ungu fólki á krossgötum til að geta valið, á meðvitaðan hátt, aðferðir til að vinna með ungmennum. Tilgangurinn er að endurspeгла (e. reflect) þá vinnu sem þegar á sér stað á ákveðnum vettvangi (t.d. höfuðborgarsvæðið) og halda áfram að þróa hana.

Yfirsýn og úrræði – Forsenda farsællar þverfaglegar vinnu með ungu fólki er gagnkvæmur skilningur fagfólks á nálgun og sýn hvers annars, sem og að skapa sameiginlegt tungumál sem grunn að faglegu samstarfi.

Það er mikilvægt að velja rétta virkni (e. activities) á réttum tíma með ungu fólki. Þess vegna er mikilvægt að búa yfir þekkingu og hafa yfirsýn yfir persónuleg úrræði sem og úrræði stofnana, vita hvaða þjónusta er í boði og hvaða samstarf er til staðar á milli stofnana á ákveðnu svæði og almennt. Þegar á heildina er litið verður að gera grein fyrir sameiginlegri ábyrgð (e. chain responsibility) á milli fagaðila og stofnana og að tryggja að aðilar séu skuldbundnir samstarfi og að styðja ungt fólk á krossgötum.

Ennfremur verður að vera sameiginlegur skilningur á hugsanlegum áskorunum (e. dilemma), eins og að einbeita sér að ráðgjafarsambandinu (e. relational work) annars vegar eða að einbeita sér að kröfum eftirlitsaðila, er nauðsynlegt til að draga úr mögulegum hindrunum og að auka gagnkvæman skilning á sjónarmiðum hvers annars.

Samskipti við ungt fólk á krossgötum (annar hluti ferils í vinnu með ungu fólki)

Greining – Næsta skref í ferlinu er samtalið sem á sér stað við ungt fólk. Fagaðilinn tekur saman greiningu á lífi einstaklingsins, reynslu, skólágöngu, áskorunum og tækifærum og hvaða þarfir hann hefur. Í þessu ferli er mikilvægt að einblína á að ungt fólk þroski með sér sjálfsvitund og vinni með það til að átta sig betur á hverjir draumar þeirra og langanir eru og hvað þarf til að ná þeim. Þess vegna er mikilvægt að fagaðilar hafi það að markmiði að byggja traust og gott ráðgjafarsamband.

Ungmennin taka þátt í framþróun sinni í átt að meiri náms- og starfsþroska og því ferli sem á sér stað.

Fagaðilarnir eru meðvitaðir um að framvinda hvers einstaklings er ekki endilega línuleg eða greinanleg í aðskilin ferli. Framvindan gerist ekki á sama hraða eða sama tíma hjá öllu ungu fólki. Með öðrum orðum, þá geta verið krókaleiðir, einhverju er sleppt á leiðinni eða bætt við og taktur ferilsins er bundinn við hvern og einn einstakling. Fagaðilinn þarf því að vera sveigjanlegur og stöðugt að meta stöðu einstaklings.

Þróun einstaklings – Þegar búið er að mynda traust ráðgjafarsamband og unga fólkið er að vinna með sjálfsvitund sína (e. self concept), er í sameiningu hægt að móta og setja fram markmið og undirmarkmið sem og að skipuleggja virkni. Það er mikilvægt að þessi vinna byggi á skuldbindingu og vilja unga fólksins sjálfs og að markmiðin og undirmarkmiðin séu mótuð í samstarfi þeirra á milli. Markmið og undirmarkmið ættu að vera studd og styrkt af vel völdum virkniúrræðum sem geta stuðlað að stöðugri þróun ungs fólks í átt að meiri náms- og starfsþroska. Í þessu ferli getur virkni eins og heimsóknir í fyrirtæki eða menntastofnanir verið viðeigandi.

Aðgerðir og samtöl – Markmiðin sem hafa verið valin, undirmarkmiðin og virkni er ýtt í framkvæmd. Þau eru höfð með í einstaklingsáætlun sem á að vera í stöðugri endurskoðun og aðlögun eins og þörf er á. Ýmsir fagaðilar úr mismunandi þjónustukerfum geta komið að einstaklingsáætlun ungmennis og þarf því að vera ljóst hver er ábyrgðaraðili fyrir framvindu hennar. Þrátt fyrir þetta þá hefur Vegvísir alltaf yfirumsjón með máli hvers einstaklings.